

49. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 30. september 2025, kl. 11, innviðaráðuneyti.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Heimir Karlsson (Félag skipstjórnarmanna), Hrefna Karlsdóttir (SFS) Stefán Guðmundsson (Samtök ferðaþjónustunnar), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Guðmundur Óskarsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Geir Þór Geirsson (SGS), Fannar Gíslason (Vegagerðin).

Aðrir gestir: Þorsteinn Þorkelsson (SGS)

Dagskrá:

1. Áform um ný lög um leiðarmerki og öryggi siglinga (koma í stað laga um vitamál)
 2. Ályktun um menntun í siglingatengdum greinum lögð fram til umræðu
 3. Kynning á Nordisk Navigatör Kongress
 4. Málaskrá fagráðsins – kynning á stöðu mála
 5. Skráning skráningarskyldra skemmtibáta á erlenda bátaskrá (Ásgrímur L Ásgrímsson, LHG)
 6. Önnur mál
1. Katrín (IRN) fór yfir þær umsagnir sem bárust í Samráðsgátt stjórnvalda um áform til nýrra laga um leiðarmerki og öryggi siglinga, sem fyrirhugað er að komi í stað laga um vitamál. Umsagnir eru aðgengilegar í Samráðsgátt.
 - Fannar frá Vegagerðinni fjallaði um fjárframlög ríkisins til vitamála. Ráðið einhuga um að tryggja þarf fjármagn til þessa málaflokks til að gæta öryggis siglinga. Hugsanlega mun ráðið gefa frá sér ályktun til ráðherra vegna þessa.
 - Ásgrímur frá LHG fjallaði um árlegan úttektahring gæslunnar á vitum.
 2. Drög að ályktun um menntun í siglingatengdum greinum voru lögð fram til umræðu. Ekki var einhugur á fundinum um ályktunina og hún því ekki afgreidd. Óskað eftir því að ráðið fái kynningu á náminu frá Tækniskólanum.

Formaður ræddi um framtíð menntunar á Íslandi í haftengdum greinum og þær áhyggjur sem borist hafa á borð Félags skipstjórnarmanna af fyrirkomulagi skipstjórnarnáms hér á landi.
 3. Frestað.
 4. Frestað.
 5. Ásgrímur frá LHG upplýsir ráðið um stöðuna varðandi skip sem sigla hér umhverfis landið í tengslum við fiskeldi. Þau eru skráð erlendis. Ef skipið er undir 15 metrum þarf enginn að vera með réttindi eða lögskráður um borð, í Noregi t.d. þarf ekki skipstjórnarréttindi til að stjórna þessum skipum.

Gæslan hefur einnig tekið eftir að skráningarskyldir skemmtibátar sem sigla umhverfis Ísland eru margir hverjir skráðir í Póllandi og fer fjölgandi. Þetta eru ekki bátar sem hafa leyfi til farþegasiglinga en stunda þær samt sem áður. Kallar eftir því að regluverkið hér á landi sé kannað með þetta í huga.

Geir Þór frá SGS kemur inná hversu misjöfn skráningarskyldan er á milli landa. Mjög

algengt að eftirlit sé í höndum eigenda skipanna.

6. Björn frá Hafnasambandinu spyr út í stöðu reglugerðarbreytingar vegna lögskráningar á hafnsögu og dráttarbáta. Samgöngustofa bíður tillaga frá Hafnasambandinu. Spyr einnig út í öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við Ísland. Næstu skref eru kynning á næsta fundi frá Samgöngustofu um leiðsöguskyldu um borð í skemmtiferðaskipum.

Næsti fundur 21. október kl. 13.

Fundi slitið 13.00.